

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 08. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. 447. mál.

VM-Félag vélstjóra og málmæknimanna fagnar því að skilgreiningar á stærðarmörkum skipa milli kerfa í lögum um stjórn fiskveiða séu skýr. Enn að löggjafinn sé ítrekað að breyta lögum til að koma á móts við þá sem teygt sig hafa úr fyrir stærðarmörk gildandi laga er óþolandi gagnvart þeim sem starfa eftir gildandi lögum.

VM ítrekar áður framsettar skoðanir félagsins á strandveiðum.

VM telur hugmyndina um strandveiðar til að auka nýliðun vera algerlega misheppnað. Veiðiheimildir eru teknar af þeim sem hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum og færðar einstaklingum sem í flestum tilfellum stunda þessar veiða í fríum frá sinni aðalvinnu sem þeir hafa framfærslu sína af.

VM lagði það til í sínum tillögum inn í sáttanefndina svokölluðu að ef úthluta ætti veiðiheimildum til handfæraveiðar samkvæmt hugmyndafræði strandveiða, ættu eingöngu fyrrverandi sjómenn sem hafi haft sjómennsku að aðalstarfi í 20 ár að fá leyfi til stunda þessar handfæraveiðar.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.

